# Lögbirtingablað

Gefið út samkvæmt lögum nr. 64 16. des. 1943

**Heimilisfang: Síðumúli 29, 2. hæð, 150 Reykjavík.**
**Sími 545 9050. Myndsendir 568 7646.**
**Netfang: logbirtingabladid@dkm.stjr.is**
**Veffang: http://lagabirting.is**
**ISSN 1670-0236 (vefútgáfa)**
**ISSN 1670-0228 (prentuð útgáfa)**
**Árg. kostar kr. 2.500, eintakið kr. 65.**

**Nr. 130 96. ár** **Miðvikudaginn 24. september 2003**


## Stefnur

**Dómstjóri héraðsdóms Austurlands, Þorgerður Erlendsdóttir**

gjörir kunnugt: Mér hefur tjáð Garðar Garðarsson hrl., Landslögum-lögfræðistofu, Hafnarhvoli, Tryggvagötu 11, Reykjavík, að hann þurfi fyrir hönd Fanneyjar Þórhallsdóttur, kt. 300557-5899, og Axels Jónssonar, kt. 301059-2139, Vesturbraut 15, 780 Höfn, að höfða mál fyrir héraðsdómi Austurlands til ógildingar á neðangreindu veðskuldabréfi.

*Dómkröfur:* Þess er krafist að ógilt verði með dómi veðskuldabréf, upphaflega að fjáhæð kr. 205.501, útgefið af stefnendum sem handhafabréf hinn 25. nóvember 1983. Til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu höfuðstóls og vaxta skuldarinnar, svo og til tryggingar greiðslu alls kostnaðar sem af vanskilum kynni að leiða og stefnendum bæri að greiða að skaðlausu, var skuldareiganda samkvæmt bréfinu sett að veði raðhúsið að Vesturbraut 15, Höfn, Horfnafirði, ásamt því sem húsinu fylgir og fylgja ber. Samkvæmt bréfinu skyldi skuldin greiðast á nánar tilteknum gjalddögum á tímabilinu 25. mars 1984 til 25. maí 1985. Ársvextir voru 20% frá 15. nóvember 1983 og skyldu þeir greiddir á sömu gjalddögum og afborganirnar. Skuldabréfið var með beinni aðfarar- og uppboðsheimild.

*Málsástæður:* Skuldabréf það, sem hér er krafist ógildingar á, er löngu greitt en frumrit þess glataðist áður en því var aflýst. Er stefnendum því nauðsyn á að fá bréfið ógilt með dómi, svo því megi aflýsa af hinni veðsettu eign.

*Lagarök:* Vísað er til 120. og 121. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.

*Sönnunargögn:* Við þingfestingu máls þessa mun stefnandi leggja fram eftirtalin gögn til sönnunar:

1) Stefnu þessa.
2) Beiðni um útgáfu stefnu þessarar.
3) Lögbirtingablað það, sem stefna þessi birtist í.
4) Afrit veðskuldabréfs þess, sem krafist er ógildingar á.
5) Þinglýsingarvottorð fyrir Vesturbraut 15, Höfn.

*Fyrirkall:* Fyrir því stefnist hér með hverjum þeim, er kann að hafa framangreint veðskuldabréf undir höndum eða telur til réttar yfir því, að mæta á dómþingi héraðsdóms Austurlands, sem haldið verður í dómsalnum að Hafnarbraut 36, Höfn, miðvikudaginn 12. nóvember 2003 kl. 14.00, til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, hlýða á dómkröfur og sókn sakar, leggja fram gögn af sinni hálfu og sanna rétt sinn til skuldabréfsins. Ella má búast við því að útivistardómur gangi í málinu og kröfur stefnanda um ógildingu veðskuldabréfsins verði teknar til greina.

Stefnufrestur ákveðst einn mánuður.

Egilsstöðum, 8. september 2003.
**Þorgerður Erlendsdóttir**.

(11180

## Forsetabréf

### um að Alþingi skuli koma saman miðvikudaginn 1. október 2003

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Ég hefi ákveðið, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman miðvikudaginn 1. október 2003.

Um leið og ég birti þetta, er öllum, sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur og verður þá Alþingi sett að lokinni guðsþjónustu í Dómkirkjunni, sem hefst kl. 13.30.

*Gjört á Bessastöðum, 10. september 2003.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

*Davíð Oddsson.*

11229)

## Auglýsing

### um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er á förum til útlanda.

Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands skv. 8. gr. stjórnarskrárinnar.

*Forsætisráðuneytinu, 15. september 2003.*

**Davíð Oddsson.**

*Ólafur Davíðsson.*

11247)

## Auglýsing

### um tillögu að deiliskipulagi á lóðinni Hásteinsvegur 8 á Stokkseyri

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 með síðari breytingum auglýsir bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar tillögu að deiliskipulagi á lóðinni Hásteinsvegur 8 á Stokkseyri.

Svæðið sem um ræðir er lóðin Hásteinsvegur 8, samtals að stærð 1.217,8 $m^2$.

Lóðin afmarkast af lóðunum Hásteinsvegi 6 að vestan, Hásteinsvegi 10 að norðan, Hásteinsvegi 14 að austan og af sjóvarnargarði að sunnan.

Teikningar og greinargerð munu liggja frammi á skrifstofu framkvæmda- og veitusviðs Árborgar, Austurvegi 67, Selfossi, frá og með miðvikudeginum 24. september til og með miðvikudeginum 22. október 2003.

Frestur til að skila inn athugasemdum rennur út miðvikudaginn 5. nóvember 2003 og skal þeim skilað skriflega til skipulags- og byggingarfulltrúa á skrifstofu framkvæmda- og veitusviðs, Austurvegi 67, 800 Selfossi.

Á sama tíma eru teikningar og greinargerð til kynningar á heimasíðu Árborgar: http://www.arborg.is, þar sem hægt er að skoða tillöguna og senda athugasemdir til skipulags- og byggingarfulltrúa á netfang bardur@arborg.is.

Þeir sem ekki gera athugasemd við tillöguna innan ofangreinds frests, teljast samþykkja hana.

Selfossi, 16. september 2003.
**Bárður Guðmundsson,** skipulags- og byggingarfulltrúi.

11246)

## Auglýsing

### um tillögu að deiliskipulagi við Ásabraut, Grindavík

Í samræmi við 1. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 er hér með auglýst til kynningar tillaga að nýju deiliskipulagi við enda Ásabrautar.

Tillagan verður til sýnis á skrifstofu Grindavíkurbæjar á Víkurbraut 62 frá og með 26. september til 24. október 2003.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Frestur til að skila inn athugasemdum er til 7. nóvember 2003.

Skila skal inn athugasemdum á skrifstofu Grindavíkurbæjar á Víkurbraut 62, Grindavík. Hver sá sem eigi gerir athugasemdir við tillöguna fyrir tilskilinn frest telst samþykkja hana.

**Bæjarstjóri Grindavíkurbæjar.**

11255)

# Auglýsing
## um skipulag í Eyjafjarðarsveit

Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar auglýsir hér með eftirfarandi skipulagstillögur:

*1. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 1994 – 2014.*
Tillagan gerir ráð fyrir breyttri notkun lands í Reykárhverfi við Hrafnagil og felst breytingin í eftirfarandi:

a. Hluti opins svæðis sunnan Reykár verður tekinn undir íbúðarbyggð.
b. Svæði sunnan Laugarborgar þar sem áður var gert ráð fyrir íbúðum verði skýrgreint sem þjónustusvæði.
c. Svæði fyrir íbúðarbyggð norðan og vestan Laugarborgar hefur verið stækkað á kostnað opins svæðis til sérstakra nota.
d. Svæði norðan og norðaustan Laugarborgar verði tekið undir íbúðarbyggð en var áður svæði fyrir opinbera þjónustu.
e. Hluti svæðis austan þjóðvegar 821, sem í gildandi skipulagi er opið grænt svæði til sérstakra nota og svæði fyrir íbúðarbyggð, verður athafnasvæði.
f. Ný vegtenging kemur að athafnasvæðinu sbr. e lið og hringtorg kemur á þjóðveg 821 norðan leikskólans Krummakots.

Tillaga þessi er auglýst á grundvelli 1. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

*2. Tillaga að breytingu á deiliskipulagi íbúðarbyggðar.*
Tillagan sýnir nýja íbúðarbyggð með 5 einbýlishúsum sunnan Reykár þar sem jafnframt verður opið grænt svæði og leiksvæði fyrir börn. Íbúðarsvæði norðan og vestan Laugarborgar hefur verið stækkað, gatnakerfi breytt og íbúðum fjölgað. Á svæði við Laugarborg, sem áður var ætlað fyrir opinbera þjónustu er nú gert ráð fyrir tveimur fjölbýlishúsum.

Tillaga þessi er auglýst skv. 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

*3. Tillaga að deiliskipulagi athafnasvæðis.*
Tillagan gerir ráð fyrir athafnasvæði með fjórum lóðum á svæði austan þjóðvegar 821 meðfram landamerkjunum að Grísará. Svæðið er ætlað fyrir léttan iðnað og aðra starfsemi, sem ekki fylgir mikið umfang eða mengun.

Tillagan er auglýst með vísan til 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Tillögur þessar verða til sýnis á skrifstofu Eyjafjarðarsveitar að Syðra-Laugalandi frá og með miðvikudeginum 24. september til og með miðvikudeginum 22. október 2003. Þeir sem vilja gera athugasemdir við tillögurnar skulu gera það með skriflegum hætti eigi síðar en 5. nóvember 2003. Hver sá sem ekki gerir athugasemd við tillögurnar fyrir tilskilinn frest telst samþykkur þeim.

Eyjafjarðarsveit, 16. september 2003.
**Bjarni Kristjánsson** sveitarstjóri.

11245)

# Auglýsing
## um skipulag í Kópavogi

*A. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi.*
*Lundur.*
*Hafnarfjarðarvegur, Skeljabrekka og Nýbýlavegur.*
Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 2000-2012 auglýsist hér með í samræmi við 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Breytingin nær annars vegar til Lundarsvæðisins, um 10 ha svæðis, sem afmarkast af bæjarmörkum Kópavogs og Reykjavíkur til norðurs, íbúðarsvæði við Birkigrund til austurs, Nýbýlavegi til suðurs og af Hafnarfjarðarvegi til vesturs. Í breytingunni felst að í stað landnotkunar fyrir verslun og þjónustu (hátæknimiðstöð) verður svæðið nýtt fyrir íbúðir, opin svæði, leikskóla og hverfisverslun. Áætlað er að á svæðinu verði byggðar 480-500 íbúðir fyrir rúmlega 1.300 íbúa, miðað við 2,7 íbúa á íbúð. Þéttleiki fyrirhugaðrar byggðar í Lundi er áætlaður um 50 íbúðir á ha. Samkvæmt tillögunni mun um helmingur Lundarlandsins tekinn undir byggð en samanlagt flatarmál lóða er áætlað um 5,5 ha. Byggingarmagn á svæðinu er áætlað um 75.000 m$^2$ eða nýtingarhlutfall svæðisins sem samsvarar liðlega 1,3. Nýtingarhlutfall einstakra nýrra íbúðarlóða er áætlað 1,5-2,0. Miðað er við að fjöldi bílastæða á íbúð sé 1,8-2,0. Í tillögunni er gert ráð fyrir færslu Nýbýlavegar til norðurs en aðkoma að Lundarsvæðinu verður frá Nýbýlavegi. Gert er ráð fyrir fernum nýjum undirgöngum í tengslum við fyrirhugað íbúðarsvæði í Lundi: einum til vesturs undir Hafnarfjarðarveg og öðrum undir afrein af Nýbýlavegi inn á Hafnarfjarðarveg. Þá er gert ráð fyrir tvennum göngum undir Nýbýlaveg, öðrum á móts við Skeljabrekku og hinum á móts við Auðbrekku. Gönguleiðir breytast. Afmörkun lóðar fyrirhugaðrar þjónustustöðvar/bensínstöðvar sem tengist Nýbýlavegi breytist.

Breytingin nær hins vegar til tengingar Hafnarfjarðarvegar, Skeljabrekku og Nýbýlavegar. Í henni felst að í stað slaufu norðan Nýbýlavegar sem tengist Nýbýlavegi milli Skeljabrekku og Auðbrekku er gert ráð fyrir rampa af Hafnarfjarðarvegi inn í núverandi legu Skeljabrekku sem tengist síðan Nýbýlavegi með hringtorgi. Gert er ráð fyrir „nýrri Skeljabrekku“ á stuttum kafla, austan þeirrar sem nú er. Mun hún tengjast inn í Dalbrekku. Tillagan er sett fram í mkv. 1:10.000 dags. í júní 2003.

*B. Breyting á svæðisskipulagi.*
Í tillögu að breyttu aðalskipulagi af Lundarsvæðinu felst jafnframt að gera þarf óverulega breytingu á staðfestu svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001-2024. Í breytingunni felst að fjölga þarf fyrirhuguðum íbúðum í byggingarsvæðinu „Kópavogur vestur“ úr 350 íbúðum í 900

**Dómstjórinn í Reykjavík,**
**dómhúsinu við Lækjartorg,**
**101 Reykjavík**

gjörir kunnugt: Mér hefur tjáð Þuríður Björg Daníelsdóttir, kt. 180162-4889, að hún þurfi að höfða mál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur til ógildingar á neðangreindu veðskuldabréfi.

*Dómkröfur:* Stefnandi kveðst gera þær dómkröfur að ógilt verði með dómi eftirfarandi veðskuldabréf, útgefið í Reykjavík 19. júlí 1988 stílað á Ágúst Hjalta Sigurjónsson, kt. 190443-3029, Nökkvavogi 31, 104 Reykjavík, upphaflega að fjárhæð kr. 1.184.000, tryggt með 4. veðrétt í fasteigninni að Rauðagerði 54, Reykjavík. Lán skv. veðskuldabréfinu skyldi greiðast með 4 afborgunum á 12 mánaða fresti í fyrsta skipti 14. október 1988 kr. 296.000 í hvert skipti.

*Málsástæður:* Veðskuldabréfið var að fullu uppgreitt þann 22. september 1991. Allar kvittanir og frumrit bréfsins eyðilögðust í bruna að Rauðagerði 54 og eru með öllu glötuð. Vegna þess sé nauðsynlegt að fá dóm til ógildingar á bréfinu til að unnt sé að aflýsa því af eigninni, en stefnandi hefur nú gert bindandi sölutilboð um eignina.

*Lagarök:* Um lagarök vísar stefnandi til 120. og 121. gr. laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991. Um varnarþing vísast til 2. mgr. 120. gr. sömu laga.

*Sönnunargögn:*
1. Ógildingarstefna þessi.
2. Skrá yfir framlögð skjöl.
3. Lögbirtingablað það, sem stefnan verður birt í.
4. Ljósrit af veðskuldabréfinu.
5. Veðbandayfirlit yfir fasteignina að Rauðagerði 54, Reykjavík.

*Fyrirkall:* Fyrir því stefnist hér með hverjum þeim, er kann að hafa framangreint veðskuldabréf undir höndum eða telur til réttar yfir því að mæta á dómþing héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð verður í dómsal 102 í dómhúsinu við Lækjartorg í Reykjavík, þriðjudaginn 28. október 2003 kl. 10.00 til þess þar og þá að sanna rétt sinn til skuldabréfsins þar sem ella má búast við að útivistardómur gangi í málinu og kröfur stefnanda um ógildingu verði teknar til greina.

Stefnufrestur ákveðst einn mánuður.

Reykjavík, 16. september 2003.
**Helgi I. Jónsson**.

(11183

**Dómstjóri héraðsdóms Vesturlands,**
**Finnur Torfi Hjörleifsson**

gerir kunnugt: Mér hefur tjáð Jón Haukur Hauksson hdl., Sunnubraut 21, Akranesi, fyrir hönd Íslandsbanka hf., kt. 550500-3530, Kirkjusandi, Reykjavík, vegna Íslandsbanka 0552, kt. 421289-5229, Kirkjubraut 40, Akranesi, að hann þurfi að höfða mál fyrir héraðsdómi Vesturlands á hendur Ragnhildi Alís Antonsdóttur, kt. 181282-4449 og Vigdísi K. Sigurðardóttur, kt. 020862-3199, báðum með lögheimili í Noregi.

*Dómkröfur* sínar kveður stefnandi vera:
1. Að stefndu verði in solidum dæmdar til að greiða stefnanda 149.228 kr. með dráttarvöxtum skv. III. kafla laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, sérstaklega 1. mgr. 6. gr., frá 20. mars 2003 til greiðsludags.
2. Að staðfest verði kyrrsetningargerð sýslumannsins á Akranesi sem fram fór að kröfu stefnanda í málinu nr. 012-2003-00002 hinn 5. september 2003 þar sem kyrrsettur var eignarhlutur stefndu Vigdísar í fasteigninni Vesturgata 83, Akranesi.
3. Að stefndu verði dæmdar in solidum til að greiða stefnanda málskostnað ásamt virðisaukaskatti af málflutningsþóknun.

*Málflutningsumboð:* Jón Haukur Hauksson hdl., fer með mál þetta fyrir stefnanda.

*Málsástæður og önnur atvik:* Stefnandi greinir svo frá að kröfur hans í þessu máli séu til komnar vegna yfirdráttar aðalskuldara Ragnhildar Alísar Antonsdóttur á tékkareikningi nr. 0552-26-001987 hjá Íslandsbanka á Akranesi. Meðstefnda Vigdís K. Sigurðardóttir hafi gengist í sjálfskuldarábyrgð fyrir greiðslu yfirdráttar af tékkareikningi þessum. Hinn 20. mars 2003 hafi yfirdráttur á reikningnum numið 149.228 kr. sem er dómkrafan. Stefnandi kveður báðar stefndu vera fluttar búferlum til Noregs og ekki sé vitað um heimilisfang þeirra þar. Því þurfi að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaðinu.

*Lagarök:* Stefnandi vísar til meginreglna kröfu- og samningaréttarins um efndir fjárskuldbindinga og að gerða samninga skuli halda. Jafnframt vísar stefnandi til reglna kröfuréttarins um endurgreiðslurétt ábyrgðarmanns á hendur aðalskuldara og meðábyrgðarmönnum. Vegna staðfestingar á kyrrsetningargerð vísast til VI. kafla laga nr. 31/1990, sérstaklega 5. mgr. 36. gr. um þinghá. Um dráttarvexti vísar stefnandi til laga nr. 38/2001 sérstaklega 1. mgr. 6. gr. Vegna málskostnaðar vísar stefnandi til XXI. kafla einkamálalaga nr. 91/1991, aðallega 1. mgr. 130. gr. Varðandi virðisaukaskatt af málskostnaði er vísað til laga nr. 50/1988 og þess að stefnandi hefur ekki með höndum virðisaukaskattsskyldan rekstur og er því nauðsyn að fá stefndu dæmdar til greiðslu virðisaukaskatts af málskostnaði til þess að hann verði skaðlaus af innheimtukostnaði. Varðandi birtingu stefnu í Lögbirtingablaði kveðst stefnandi vísa til a liðar 1. mgr. 89. gr. einkamálalaga nr. 91/1991.

*Sönnunargögn:* Við þingfestingu málsins hyggst stefnandi leggja fram viðskiptayfirlit frá stefnanda, yfirlýsingu um sjálfskuldarábyrgð, útprentanir úr þjóðskrá um heimili stefndu og endurrit kyrrsetningargerðar.

*Fyrirkall og áskorun:* Fyrir því stefnist hér með framangreindum Ragnhildi Alís Antonsdóttur og Vigdísi K. Sigurðardóttur til þess að mæta á dómþingi héraðsdóms Vesturlands, sem háð verður í skrifstofu héraðsdómsins að Bjarnarbraut 8, Borgarnesi, Borgarbyggð, þriðjudaginn 4. nóvember 2003 kl. 14.00 síðdegis, þar sem mál þetta verður þingfest, til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki fyrir dóm lögð, á dómkröfur að hlýða, taka til varna og leggja fram gögn af sinni hálfu. Verði ekki mætt af hálfu stefndu við þingfestingu málsins má búast við að útivistardómur verði kveðinn upp að kröfum stefnanda.

Stefnufrestur er einn mánuður.

Borgarnesi, 11. september 2003.
**Finnur T. Hjörleifsson**.

(11206

# Innkallanir

Með úrskurði héraðsdóms Norðurlands vestra uppkveðnum 4. september 2003 var eftirtalið bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirrituð skipuð skiptastjóri þrotabúsins.

Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn búsins.

| **Nafn bús:** | **Frestdagur:** | **Skiptafundur:** |
|---|---|---|
| Þorgrímur Ómar Unason, kt. 280465-4029, Ártúni 7, Sauðárkróki | 8. júlí 2003 | miðvikudaginn 3. des. 2003 kl. 11.00 |

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu, eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í þrotabúinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfulýsingar skulu sendar til skrifstofu skiptastjóra að Garðarsbraut 5, 640 Húsavík.

íbúðir, sbr. bls. 47 í greinargerð svæðisskipulagsins. Í samræmi við 14. gr. skipulags- og byggingarlaga var umrædd breyting kynnt þeim sveitarstjórnum sem stóðu að gerð svæðisskipulagsins. Umsagnir bárust frá Reykjavíkurborg, Hafnarfjarðarbæ, Garðabæ, Mosfellsbæ og Bessastaðahreppi. Tillagan hefur verið send Skipulagsstofnun sem gerir tillögu til umhverfisráðherra um lokaafgreiðslu. Nánari upplýsingar eru veittar á bæjarskipulagi Kópavogs.

*C. Lundur. Tillaga að deiliskipulagi.*

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga auglýsist hér með tillaga að deiliskipulagi Lundarsvæðisins. Deiliskipulagssvæðið afmarkast af lögsögumörkum Kópavogs og Reykjavíkur til norðurs, íbúðarbyggð við Birkigrund til austurs, Nýbýlavegi til suðurs og Hafnarfjarðarvegi til vesturs. Í tillögunni er gert ráð fyrir íbúðarbyggð á umræddu svæði í 8 fjölbýlishúsum, 9 til 13 hæða auk kjallara og inndreginnar þakhæðar með samtals um 480 íbúðum. Þéttleiki svæðisins er áætlaður um 50 íbúðir á ha. Samkvæmt tillögunni verða aðrar byggingar en íbúðarhúsin „Nýi Lundur“ og „Lundur 3“ fjarlægðar. Miðað er við 1,9 bílastæði á hverja nýja íbúð á svæðinu og að 2/3 hlutar stæðanna verði í bílageymslum neðanjarðar. Á deiliskipulagssvæðinu er auk þess gert ráð fyrir hverfisverslun, leikskóla, sparkvelli og minni leiksvæðum. Í tillögunni er jafnframt gerð grein fyrir: núverandi stöðu svæðisins; stöðu skipulags á svæðinu; aðkomu og umferð; landkostum; fyrirhugaðri byggð; tölulegum upplýsingum um einstakar lóðir, mótvægisaðgerðum vegna umferðarhávaða og almennum skilmálum og kvöðum. Á deiliskipulagsuppdrættinum kemur fram afmörkun og lega svokallaðra „Kópavogsganga“, stofnbrautar í göngum milli Reykjanesbrautar, Hafnarfjarðarvegar og miðbæjar Reykjavíkur, samanber staðfest aðalskipulag Kópavogs 2000-2012 og svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2001-2024. Deiliskipulagstillagan er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:1000 ásamt greinargerð dags. 19. júní 2003. Tillögunni fylgja skýringamyndir sem sýna m.a. dæmi um útlit fyrirhugaðrar byggðar.

*D. Tenging Hafnarfjarðarvegar, Skeljabrekku og Nýbýlavegar. Tillaga að deiliskipulagi.*

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 auglýsist hér með tillaga að deiliskipulagi tenginga Hafnarfjarðarvegar, Skeljabrekku og Nýbýlavegar. Í tillögunni er gert ráð fyrir að tengja rampa af Hafnarfjarðarvegi inn í núverandi legu Skeljabrekku sem tengist síðan Nýbýlavegi með hringtorgi. Gert er ráð fyrir „nýrri Skeljabrekku“ á stuttum kafla, austan þeirrar sem nú er. Mun hún tengjast inn í Dalbrekku. Í tillögunni kemur jafnframt fram færsla Nýbýlavegar til norðurs á móts við húsin að Nýbýlavegi 2-32, hringtorg á gatnamótum Nýbýlavegar, Auðbrekku og nýrrar götu að fyrirhuguðu Lundarsvæði, aðkoma að fyrirhugaðri þjónustustöð/bensínstöð við Nýbýlaveg, undirgöng, gönguleiðir.

Ofangreindar aðal- og deiliskipulagstillögur verða til sýnis á bæjarskipulagi Kópavogs, Fannborg 6, 2. hæð frá kl. 8.00 til 16.00 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá kl. 8.00 til 14.00 frá 24. september til 24. október 2003. Athugasemdir eða ábendingar skulu hafa borist bæjarskipulagi skriflega eigi síðar en kl. 15.00 mánudaginn 10. nóvember 2003. Einnig er hægt á kynningartímanum að nálgast upplýsingar um framlagðar tillögur á heimasíðu bæjarskipulags Kópavogs, www.kopavogur.is eða á www.lundur.net.

Þeir sem ekki gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkir tillögunum.

Kópavogi, 15. september 2003.
**Skipulagsstjóri Kópavogs.**

11254)

# Nauðungarsölur

## Akranes

Eftirtaldar beiðnir um nauðungarsölu til fullnustu kröfum um peningagreiðslu verða teknar fyrir á skrifstofu embættisins að Stillholti 16-18, Akranesi, miðvikudaginn 29. október 2003 kl. 14.00, hafi þær ekki áður verið felldar niður:

| Heiti eignar: | Gerðarþoli (-ar): | Gerðarbeiðandi (-beiðendur): | Fjárhæðir krafna í krónum: |
|---|---|---|---|
| Akurgerði 13, fastanúmer 210-1837 11208) | Guðjón Helgi Þorvaldsson | Kreditkort hf. | 374.383 |
| Háholt 9, íbúð 0201 og bílskúr 0101, fnr. 210-1387 11209) | Jóhann Örn Matthíasson og Hulda Ágústsdóttir | Íslandsbanki hf. | 184.123 |
| Höfðabraut 2, íbúð 0301, fastanúmer 210-0914 11210) | Ástrós Brynjólfsdóttir | Kreditkort hf. | 209.691 |
| Jaðarsbraut 35, íbúð 0201, fastanúmer 210-0965 11211) | Guðni Jónsson og Ingveldur M. Sveinsdóttir | Íbúðalánasjóður | 124.762 |
| Kalmansvellir 6, fastanúmer 223-0842 11212) | Jón Þorsteinsson ehf. | Byggðastofnun | 3.827.279 |

| Heiti eignar: | Gerðarþoli(-ar): | Gerðarbeiðandi (-beiðendur): | Fjárhæðir krafna í krónum: |
|---|---|---|---|
| Leynisbraut 37, fastanúmer 224-1433<br>11213) | Runólfur Þór Sigurðsson | Landsbanki Íslands hf., aðalstöðvar | 1.412.233 |
| Skólabraut 2-4, hluti 0101, fastanr. 210-2213<br>11214) | Útlit ehf. | Sýslumaðurinn á Akranesi | 956.292 |
| Stekkjarholt 20, íbúð 0101 og bílskúr, fasta-númer 210-1434<br>11215) | Þorsteinn G. Pétursson | Íbúðalánasjóður | 204.358 |
| Stillholt 2, fastanúmer 210-1337<br>11216) | Gunnar Kristinn Baldursson | Úgáfufélagið DV ehf. | 399.335 |
| Stillholt 23, fastanúmer 210-0563<br>11217) | Hjörleifur Jónsson ehf. | Lýsing hf. | 7.099.879 |
| Vallarbraut 5, hluti 0102, fastanúmer 210-0746<br>11218) | Tómas Friðjónsson | Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis, útibú | 2.077.389 |
| Vallarbraut 9, íbúð 0202, fastanúmer 210-0760<br>11219) | Helga Jónsdóttir | Lífeyrissjóður sjómanna | 152.257 |

Akranesi, 12. september 2003.
Sýslumaðurinn á Akranesi,
**Ólafur Þ. Hauksson**.

## Akureyri

Eftirtaldar beiðnir um nauðungarsölu til fullnustu kröfum um peningagreiðslu verða teknar fyrir á skrifstofu embættisins að Hafnarstræti 107, Akureyri, föstudaginn 24. október 2003 kl. 10.00, hafi þær ekki áður verið felldar niður:

| Heiti eignar: | Gerðarþoli (-ar): | Gerðarbeiðandi (-beiðendur): | Fjárhæðir krafna í krónum: |
|---|---|---|---|
| Bakkasíða 9<br>11256) | Jóhann Grímur Hauksson | Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda | 56.521 |
| Bjarmastígur 15, íb. 01-0201 eignarhl.<br>11257) | Aðalheiður K. Ingólfsdóttir | Sjóvá-Almennar tryggingar hf. | 2.594.091 |
| Brekkugata 10, 01-0101<br>11258) | Gunnar Árni Jónsson | Landssími Íslands hf., innheimta | 122.873 |
| Brekkugata 3, iðn. 03-0101<br>11259) | Brekkubúðin ehf. | Akureyrarkaupstaður | 239.973 |
| Brekkugata 3B, vörugeymsla 02-0101<br>11260) | Brekkubúðin ehf. | Akureyrarkaupstaður | 255.408 |
| Böggvisbraut 5, Dalvíkurbyggð<br>11261) | Gestur Jóhannes Árskóg og Lilja Bára Kristjánsdóttir | Íbúðalánasjóður | 197.116 |
| Dagverðareyri, íb. 01-0101, Hörgárbyggð<br>11262) | Seselía María Gunnarsdóttir | Sportís ehf. | 6.683.906 |
| Grund, þinghús Dalvíkurbyggð<br>11263) | Jóhannes Jón Þórarinsson og Ingibjörg R. Kristinsdóttir | Búnaðarbanki Íslands hf. | 831.560 |

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Garðarsbraut 5, Húsavík, á ofangreindum tíma.

Komi ekkert fram um eignir í búinu verður skiptum lokið á skiptafundinum með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl., að öðrum skilyrðum uppfylltum.

Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Húsavík, 10. september 2003.
**Margrét María Sigurðardóttir** hdl.

(11165 a

Með úrskurði héraðsdóms Norðurlands eystra, uppkveðnum 5. september sl., var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn búsins.

| **Nafn bús:** | **Frestdagur:** | **Skiptafundur:** |
|---|---|---|
| Sigurþór B. Sveinsson, kt. 301172-5169, Öldugötu 29, Dalvík | 18. ágúst 2003 | 11. des. 2003 kl. 10.00 |

Hér með er skorað á alla þá sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur framangreindu þrotabúi, eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra, innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Skipagötu 14, pósthólf 322, 602 Akureyri.

Skiptafundur til að fjalla um skrár um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum þrotabúsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Skipagötu 14, 4. hæð, Akureyri, á ofangreindum tíma. Skrá yfir lýstar kröfur í þrotabúið mun liggja þar frammi síðustu vikuna fyrir skiptafund.

Komi ekkert fram um eignir í búinu verður skiptum lokið á skiptafundinum með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl.

Akureyri, 11. september 2003.
**Ólafur Rúnar Ólafsson** hdl.

(11184 a

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur, uppkveðnum á neðangreindum degi var eftirtalið dánarbú tekið til opinberra skipta.

| **Nafn bús:** | **Úrskurðardagur:** |
|---|---|
| María Guðmundsdóttir, kt. 250320-4189, d. 23. mars 2003, síðast til heimilis að Rauðarárstíg 3, Reykjavík | 5. september 2003 |

Hér með er skorað á alla þá sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða muna í vörslum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra, pósthólf 1224, 121 Reykjavík.

Reykjavík, 9. september 2003.
**Bergsteinn Georgsson** hdl.,
skiptastjóri.

(11191 a

Með úrskurði héraðsdóms Suðurlands, uppkveðnum 9. september 2003 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Undirritaður hæstaréttarlögmaður var skipaður skiptastjóri þrotabúsins á úrskurðardegi.

| **Nafn bús:** | **Frestdagur:** | **Skiptafundur:** |
|---|---|---|
| Diðrik Haraldsson, kt. 111249-4239, Smáratúni 17, Selfossi | 11. júlí 2003 | miðvikudaginn 3. des. 2003 kl. 13.00 |

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu, eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu, innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Heiðmörk 59, 810 Hveragerði.

Skiptafundur, sem fjallar um skrá um lýstar kröfur og eftir atvikum ráðstöfun á eignum og réttindum búsins, verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Heiðmörk 59, 810 Hveragerði, á ofangreindum tíma.

Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Hveragerði, 29. ágúst 2003.
**Andrés Valdimarsson** hrl.

(11207 a

Með úrskurðum héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum á neðangreindum degi voru eftirtalin bú tekin til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í viðkomandi þrotabúi.

Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

| Nafn bús: | Úrskurðard. gjaldþrotask.: | Frestdagur: | Skiptafundur: |
|---|---|---|---|
| Kjallarinn ehf., kt. 540800-2430, Súðarvogi 16, 104 Reykjavík | 10. sept. 2003 | 8. maí 2003 | þriðjudaginn 9. des. 2003 kl. 10.00 |

(11168 b

| Nafn bús: | Úrskurðard. gjaldþrotask.: | Frestdagur: | Skiptafundur: |
|---|---|---|---|
| Undirtónar ehf., kt. 690798-2209, Laugavegi 13, 101 Reykjavík | 10. sept. 2003 | 8. maí 2003 | þriðjudaginn 9. des. 2003 kl. 14.00 |

(11169 b

| Nafn bús: | Úrskurðard. gjaldþrotask.: | Frestdagur: | Skiptafundur: |
|---|---|---|---|
| Rútuferðir ehf., kt. 630600-2860, Smiðshöfða 15, 110 Reykjavík | 10. sept. 2003 | 8. maí 2003 | miðvikud. 10. des. 2003 kl. 10.00 |

(11170 b

| Nafn bús: | Úrskurðard. gjaldþrotask.: | Frestdagur: | Skiptafundur: |
|---|---|---|---|
| Fran ehf., kt. 461099-2389, Stigahlíð 14, 105 Reykjavík | 10. sept. 2003 | 8. maí 2003 | miðvikud. 10. des. 2003 kl. 14.00 |

(11171 b

| Nafn bús: | Úrskurðard. gjaldþrotask.: | Frestdagur: | Skiptafundur: |
|---|---|---|---|
| Talló ehf., kt. 510698-3049, Síðumúla 21, 108 Reykjavík | 10. sept. 2003 | 12. nóv. 2002 | fimmtudaginn 11. des. 2003 kl. 10.00 |

(11172 b

Hér með er skorað á alla þá sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur framangreindum þrotabúum, eða eigna í umráðum þeirra, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Ármúla 15, 108 Reykjavík.

Skiptafundir til að fjalla um skrár um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum þrotabúanna, verða haldnir á skrifstofu skiptastjóra að Ármúla 15, 108 Reykjavík á ofangreindum tímum.

Komi ekkert fram um eignir í búunum verður skiptum lokið á skiptafundunum með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl., að öðrum skilyrðum uppfylltum.

Skrá um lýstar kröfur í búið mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra viku fyrir boðaðan skiptafund.

Reykjavík, 15. september 2003.
**Sveinn Skúlason** hdl.

| Heiti eignar: | Gerðarþoli(-ar): | Gerðarbeiðandi (-beiðendur): | Fjárhæðir krafna í krónum: |
|---|---|---|---|
